

Göprún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu

Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

28.

ISBN 978-9935-409-27-0

Þund

dharmā धर्म

lif í sátt


heilög vötn hlóa

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejjukeittir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080



-Segið mér, ámáttku rán,
fimbulmáttku rögn,
ginnhelgu regin,

hvert markmið alheims er.

Hvert stefnir?

-Til fullkomnunar, litla fagurlimaða völvu.

Heimur þessi. sem sífellt þenst, hefur fullkomnun að markmiði.

Síðhöttur (29.) Siddhartha er sá sem hefur fullkomnun að markmiði.

-Ámáttka Þund, segðu mér hvernig menn lifa í sátt við goð,

hvað náttúrulögmál eru,

hvort guðin eru forsetar náttúrulögmálanna,

og hvernig menn lifa í flæði með Þundu,

og hvenær menn stríða gegn lögmálum náttúrunnar?

Þund dharma धर्म

-Niður minn heyrir um alla veröld, völvu spurul.

Mennirnir eru ég. Ég er í þeim og þeir í mér.

Þú leitar heildarsýnar, ekki brotakennds fróðleiks í smámolum í hinu hverfula.

Þú leitar þess eilífa sannleika sem okkar ódauðlegi siður fjallar um.

Allt í veröld kemur og fer,

en sannleikurinn er eilífðin.

Dharma, धर्म er af dhara dhri धर धृ það sem uppi heldur.

Sanatana Dharma, सनातन धर्म

hin eilífu lögmál náttúrunnar, hinn eilífi siður,

óséður grunnur alls sem er.

Hin eilífa Þund.

Dharma er bæði um huga og hjarta,

um rök hugsanir og ákvarðanir sem verða að vera réttar,

og innsæi og kærleika sem allir menn geta haft að leiðarljósi í lífinu.

Hver maður á sitt dharma, það sem hann þarf að gera á þessari ævi.
Hann fæðist til síns dharma, sinna verka, sinnar framþróunar.
Sjálfur leiði hver sjálfan sig.
Ekki er öllum auðvelt að sjá sitt dharma.
Til þess þarf tæra menn (31.) sem taka réttar ákvarðanir (30.).
Sums staðar vita men að þeir fæðast til síns dharman,
sums staðar verða menn að fá djótish til að finna út sit dharma.

Ár eru margar, mikið flæði lífs.
ótal ár, Sliður Ífing Síð Við Sækin Eikin Svöl Gunnþró Fjörm Fimbulþul
Rín Rennandi Gipul Göpul Gömul Geirvimul Þyn Vin Þöll Höll Gráð
Gunnþorin Vína Vegsvinn Þjóðnuma Nyt Nöt Nönn Hrönn Slíð Hríð
Sylgur Ylgur Við Ván Vönd Strönd Gjöll Leiftur Körmt Örmt Kerlaugar
tvær -- heilög vötn hlóa.

Við skulum skilja táknmál goðsagnanna okkar og kvæðanna.
og hvers vegna ár

þær renna áreynslulaust, frá upptökum til hafs eða í vatn, nota aðeins
aðdráttaraflíð, þyngdarlögmálið.
Velja ætíð auðveldustu leið til sjávar.

Hér er lögmálið um minnstu gjörð sem hefur mest áhrif,
ber mestan árangur, en eyðir engri orku,
því náttúrunni er uppi haldið af náttúrunnar lögmálum.
Það er hennar þundarkraftur.
Því er hún ámáttk.

Vatnið gufar upp af hafinu í sólarhitanum, rignir í fjöllin þegar droparnir
verða að detta.

Þund er einnig um samkennd, heildina sem umvefur allt og er alls staðar
til staðar,

um allt sem „ég“ (hver og einn) geri,
allt sem „ég“ (hver einstaklingur) geri í þágu framþróunar,
þundareiginleikin,
svá Þundur um reist í árdaga,

Innbyggt í upprunalega fullkomna mynstrið er Þundarafl sem ryður burt
öllum fyrirstöðum,
svo lífið geti flætt tært og frjálst og fyrirstöðulaust.

Þetta gera árnar mínar, rétt einsog fljót í náttúrunni ryðja sig.

Þetta á við hvern einasta einstakling.

Ekki aðeins um alheim heldur og um ævi hvers mannsbarns.

Menn ættu ekki að reyna að hindra þetta flæði með einu eða neinu móti.
Slíkt færir mikil vandræði þeim til handa.

Maðurinn stjórnar í okkar veröld.
Hann er við stýrið.

Menn geta eytt öllu sem ekki leiðir okkur í þróunarátt.
Tæknin til að sóast er fyrir hendi.
Það ættu þeir að gera.
Ryðja með þundarkrafti öllu brott sem hamlar framför og þróun.

Menn hafa flotið sofandi að feigðarósi í margar aldir.

Það er nefnilega ekki nóg að tala um hlutina á svið hugsana, gjörða,
orða.
Fundir og tal óuppljómaðra manna eru mikil fyrirhöfn og lítil áhrif.
Mörg orð en lítil áhrif.

Menn geta öðlast þundarkraft og meðbyr náttúrunnar.
Til þess er tæknin til að sóast.

Þegar við sóumst á það svið sem sköpun fer fram á,
tívatún, stjórnaðskrá alheims (5., 38.),
aðeins þá getum við stjórnað í þróunarátt öllum til heilla.

Þar er móðurborðið,
þar er stjórnstöðin.

Ofureinfalt og náttúrulegt,
aðeins
tæknin til að sóa mannlegri einstaklingsvitund í alheimsvitund hefur
ekki verið fyrir hendi lengi,

en nú er hún það.

Enda nota milljónir manna hana nú.

Menn ættu engu öðru en eigin vitund að vera háðir



Mannkyn þarf ekki að velkjast til og frá í ólgusjó óvissunnar, því guðin stjórna týrétt ef menn finna þundu með því að sóast alla ævi



- og guðin vita hvert stefnir !!



Þau vita hver er tilgangur tilverunnar

-- þróun.

Það sem stríðir gegn þróun -- gegn þundu, gegn lögmálum náttúrunnar hverra forsetar guðin eru – mun hverfa, gufa upp, verða að engu.

Maðurinn hefur þetta mannlega taugakerfi sitt,
 hið þróaðasta sem fyrir finnst,
 hið dýrmætasta sem fyrir finnst.
 Það er Sleipnir sem flytur hvern og einn einstakling að dyrum Ásgarðs.
 Tært taugakerfi manns er dýrmætur fararskjóti.





Að vísu veldur myndun taugakerfis því að maður sér sig sem einstakling.
 Hann sér ekki raunveruna, sem hann sjálfur er.

Maðurinn getur valið um hið guðlega -- og botnleðjuna,
 en mikil vandræði eru að eyða heilli ævi án þess að þróast.
 Mikil synd að nýta ekki mannlega hæfileika sína.

Aðeins þegar við finnum gyðjuna miklu (18., 20.), sjáum við leðjuna sem
 við komum úr og sólarljósið sem blómkrónan opnast mót.

Hið dýrmætasta, mannlegt taugakerfi, ofurverðmætt, er gersimi,

því við eigum val um botnleðju - eða tært vatn og tært loft, bjart sólarljós.



Allir menn hafa þetta val. Sjálfur leið þú sjálfan þið í dýrð.

Menn eiga sitt dýrmæta mannlega taugakerfi !!



far að finna oft

Lögmál náttúrunnar eru ósigrandi,
óðauðleg,
sjálfum sér nóg í einu og öllu,
viðhalda sjálfum sér af sjálfsdáðum innan ginnungagapsins,

stjórna með sínum eilífa óðauðlega krafti sem aldrei dvínar,
aldrei dofnar.

Vitund sefur aldrei,
er vökul og eilíf.
Þótt mennirnir sofi, sefur ekki vitund.
Mennirnir eru vitund -- en sumir vita það ekki!!


Jafnvel eftir ragnarök finum við Líf og Lífþrasi.

Ef sumum finnst þetta ekki gefið mál að náttúrulögmálin stjórnari í
þessum fullkomna ótæmandi krafti sínum,
þar eð sumir eru ekki eðilsfræðingar
og ekki sjáandi menn heldur,
þá verðum við einfaldlega að læra þetta og reyna að skilja það.

Hæg eru heimatökin, því mannleg vitund fær reynslu af alheimsvitund
á einfaldan hátt.

„Stjórnarskrá alheims“ kallar maharishi náttúrulögmálin okkar.

Kanuna kudrat heita þau á úrdú.



Allt er í reglu í náttúrunni.
Maðurinn hefur val.
Hann þarfnast skilnings til að geta borið nafnið maður.

Ekki ætti neinn maður að riðla þundarreglu.
Ekki ættu menn að syndga með græðgi og ofbeldi.

Allt sem stríðir gegn náttúrulögmálunum,
hvað eina sem truflar þeirra sjáanlegu eða ósjáanlegu tilveru í veröld
-- hversu smá sem sú truflun kann að vera –
veldur mótgjörð,

snurðu,
viðbrögðum sem koma til baka til gjörandans,
borgun í sömu mynt með atviki,
atviki sem kemur á móti hinu fyrra og er jafnt því.

Jafnt því að öllu leyti. (33.)

Slík er hin fullkomna mótgjörð hvers verknaðar.
Náttúrulögmál.
Urður Verðandi Skuld, náttúrulögmál.

Enginn má sköpun renna. (33.)

Þundarflæði er óumflýjanlegt hinum lifandi manni.
Ekki stríða gegn Þundu.




Hafnið ekki því ferli sem flýtir framþróun
jafnt einstaklinga sem alheims.

Þund er ið mikla iðandi fljót, innan Iðavalla, sem uppi heldur öllu,


mönnum og öllu hér á Vigríðarsléttu.

Þetta vita vel allir inir snjöllu,
mola því ósvinnu alla og tröll að mjöllu.



Þór ber tröll (1., 32.) í austurvegi

Þeir sem ekki skilja eru eigin óvinir með því að vilja ekki skilja.



Þeir halda að þeir sjái allt,

vita ekki að þeir eru sem blindir kettlingar í lokuðum kassa.
Sjá ekki það sem þeir sjá ekki.

Menn sem eru á lágum vitundarstigum geta ekki borið nafnið maður,
og til þess að kippa því í lag er ein leið: hækka vitundarstig sitt.

Sé strítt gegn þundu,
hleðst gremi upp í náttúrunni (36.).

Allt þarf að lifa í flæði til þess að engin snurða myndist.
Rán, 2., rögn rán regin,
16., Týr Fenrir,
36., móðir náttúra.



Þegar Fenrir vex mjök vegna rangrar hegðunar manna,
kemur avatar, samsviðið persónugert, og kippir öllu í lag aftur. (16.)

Menn geta verið mjög dýrslega vitlausir.

Móðir náttúra hefur þanþol, en að lokum springur hún.
Það eru stríð og náttúruhamfarir.
Þá ryður hún fram leðju og rusli,
upprætir og rífur með sér illt.

Þá fær tært vatnið að fljóta fram, frjálst og óhindrað.


Þýtur Þund innan náttúrunnar, hulin mannlegum augum.

Opt fer því fjarri að allir menn skilji hvað undir liggur.
Hvað uppi heldur.

Þeir menn eru eigin óvinir.
Þeir skilja ekki.

Eyðilegging, og truflun á þróunarferli, veldur sársauka og þjáningu.

Hvað eina, sem styður framþróun og líf, leiðir til hamingju.



gleði bros sorg tár fer um allt

Menn vita ekki að hver er sinnar gæfu smiður,
þjáning er eigin verknaður að koma til baka til gjörandans.
(33.)


Því margar milljónir æviskeiða eru mannum oftast ekki í fersku minni.

Lif í sátt við guðin.

Þundarflæði náttúrulögmálanna er í átt til framþróunar.

Þróun er ætíð áfram, aldrei aftur á bak.

Mennirnir eru hér til að þróast.



Ekki staðna, ekk sverja eið um stöðnun


Við ættum að gefa gaum nöfnum í goðsögnunum okkar og kvæðum.
Þeirra merking er djúp og hlutverkin klár.

Auðvitað vitum við að óuppljómaðir menn þurfa að taka ákvarðanir.
Þeir hugsa mikið og vega og meta,

en jafnvel þegar þeir hafa hið æðsta markmið, framþróun, að stefnu lífs
síns, gætu þeir, vegna gruggs og ótærleika, tekið ómarkvissar ákvarðanir.

Sá sem er altær, er einherji, tekur æ réttar ákvarðanir.

Reynið því, menn, að vígjast til ins æðsta tærleika



Syn (6.) úr synþ (paapa) í sannleika (satya)

Þund flæðir, lífið flæðir,

menn taka ákvarðanir um hvort þeir lifa í leðjunni eða í tæra vatni áнна.

Sumir telja gulan aur vera mikil gull, og skemmta sér þar.

Allt vatn rennur til sjávar hvort eð er, hugsa þeir, eða gufar upp í himin og rignir á ný. Svo hvers vegna ekki skemmta sér í aurleðjunni?

Sumir fljóta þannig hálfsofandi í lífinu,
og vona að Drómi og Læðingur haldi enn um stund.

Þeim þykir orðið eðlilegt að stríð geysi og erjur komi upp.
Þeir vita ekki lengur hvað er eðlilegt ástand.

Þeir huga ekki að tilgangi lífsins: að þróast, leita fullkomnunar.

Frigg Sága (18.) táknar rætur í óræðum brunni en blómkrónu í sólinni,
allt er lagskipt,
mismunandi sannleikur finnst í lögum,
lögmál náttúrunnar eru í lögum, mismunandi,
þar eru mismunandi Gungnisbylgjur eftir því sem utar dregur í veröld.

Allt er úr ginnungagapi,
einnig hugur mannanna.
Mennirnir eru mismunandi. Sumir þróaðir aðrir vanþróaðir.
(11., Rígur.)

Mennirnir ættu að lifa í Þundarflæði,
þar sem hinn guðlegi vilji er ætíð vakandi
og stjórnar okkar sýnilega alheimi.

Aðeins mennirnir eru þessum hæfileikum gæddir,
og geta stjórnað útfrá sinni vitund.
Ættu að vígja sig tæra.



Allt er að vinna, engu að tapa,

því á Þundar sviði meðvituðu í vitund manns, er allt hægt
og allt aðeins týrétt.

Úr hendi lögmála náttúrunnar innan hins mikla svinns,
þar sem kraftur paraprakriti drifur í hlutunum,
er allt fullkomið og snuðrulaust,
og tilgangurinn framþróun og fullkomnun.

Hið fullkomna upprunulega er það sem uppihaldur, dharma धर्म

Náttúrulögmálin eru ósigrandi, ódauðleg,
þarfnast einskis utanaðkomandi,
enginn efast um orku þeirra.
Hún er óendanleg.

Það sem stríðir gegn þessu þundarflæði endar í sömu mótgjörð,
menn fá allt í hausinn aftur (33.).



Að fóðra Fenri endar í sársauka og þjáningu

að hefta Fenri með Gleipni, og lifa í flæði með Þundu
gefur meðbyr og hamingju.

Þund heldur öllu uppi,
og gjörð sem styður framþróun er týrétt.

Menn bera ábyrgð á sínum gjörðum, orðum, hugsunum,
og örlögum,
og geta ekki kennt öðrum né heldur kringumstæðum um.

Enginn er guðinn sem hegnir og reiðist, eða gremst.
Guð sem reiðist og verður gramur er veraldlegt tæki, litla forvitna völva,
ímyndaður sem reiður duttlungafullur óskiljanlegur karl, ósýnilegur,

þannig að: grem eigi goð að þér, er ekki þannig reiði,
ekki þannig hefnd,

en það sem sagnahöfundurinn meinti var rétt hugsað í sjálfu sér:

lif í sátt við guðin, í flæði með tívatúnalögmálum,
stríð ei gegn lögmálum náttúrunnar.
Slíkt kann ei góðri lukku að stýra.

Streita hleðst upp í náttúrunni (36.) ef menn lifa ekki í þundarflæði með
náttúrulögmálum úr tívatúni komnum.
(Þanþol móður náttúru, 36.)

Hraun brenna þegar móðir náttúra er í þeim hami.

En aldrei skyli áreita hana, hina ámáttku.
Hún er algjöfuf ef menn virða hana og dýrðka.

Það truflar Þundarflæði að raska jafnvægi, deyða líf, ofnýta í græðgi.

Eingyðjis-Guðinn hefur gegnt hlutverki Urðar Verðandi Skuldar sem er náttúrulögmál. Og að auki ótal öðrum hlutverkum, veraldlegum og guðalegum, en svona fyrirkomulag er víst bráðnaúðsynlegt tæki í eingyðjis kerfum.

Getur þó valdið rifrildi.

Hann er sagður vilja mannskæð snjóflóð, en aðrir segja að hann ýti ekki snjó oná fólk til að láta það deyja þar, og voru biskupar ósammála um ímyndaðan vilja hans, þar eð hann er farinn að leika Urði Verðandi Skuldu fólks. Þetta heyrir því frekar undir sanktiPétur.

Hann er notaður í veraldlegt vafstur, í stríð og í dráp, svo eigi er hann annað en tæki ósvinnar manna í það skiptið /þau skiptin,
en
ef glögggt er að gáð finnst að Iðavellir, tívatún, er
Guðs eini sanni vilji,
er ljós Guðs,
og ættu eingyðjissinnar að skilja hvað Guð er.

Án þess er allur veraldarvafsturspakinn í sambandi við stofnanirnar ónýti eitt.

Finni menn ekki alheimsvitund innan sín,
og sameini sína einstaklingsvitund henni,
er allur pakinn á yfirborðinu til lítils nýtur.

Bænir eru til þess að menn hugsi um Iðavelli, tívatún, Guðs vilja,
og þeir verða að vita að þeir sjálfir eru það.

Gæði hugsana eru í samræmi við vitundarstig mannsins,
samræmi í heilabylgjum mælist með EEG (heilalínuriti).

Manna lögmál eru aðeins á sviði hugsana og skapaðrar veraldar,
sem ekki stenztt tímans tönn.

Manú gengur þó í gegnum söguna og heitir í henni ýmsum nöfnum,
sumt er misnotað, annað er óskilið, en ég skil.

Þeir sem langt eru komnir á sinni þróunarbrautu fá þekkinguna tæra,
--- skilninginn ---
en sú gjöf er samfara því að gera rannsóknir innan vitundar,

þ.e. tengja vöku (eitt af þrem vitundarstigum sem allir þekkja)
við 4. vitundarstigið sem er vel þekkt -- en ekki allir þekkja,
sem er hið Gunnalausa svið,
dýpra en dýpsta svið hugans, þegar jafnvel hugsun sóast.

Menn þurfa að skilja,
marg hefur gleymzt og skolazt til.

Þeir menn sem ekki skilja eru sjálfra sín óvinir.

Menn segja að aðflutt hugmyndakerfi og aðfluttur hugsunarháttur séu
samtvinnuð og -ofin menningunni okkar,
og þess vegna er stundum erfitt að átta sig á hvað er menningin okkar
altær og upprunaleg,
og hvað þessi samtvinningur og -vefnaður sem þeir kalla svo,
sá sem blandast hefur fornu menningunni,
notar ýmislegt úr henni, kannski undir öðrum nöfnum,
kannski bara beint og klárt út.

Það má þá finna hinn guðlega sameiginlega grunn,
með því að allir stundi samsviðstæknina og sidhi og yogasútrur,
og þá þarf ekki að þrætta um yfirborðssiði og prótúkollur og bullur og
ritúala.

Menn, allir menn með mannlegt taugakerfi, geta hæglega fundið fæðið
mitt með því að skilja veraldlegar hugsanir eftir í veraldarvafstrinu sínu,

komast í alminni um mig, miklu þundu, og uppruna minn,

alminni

nema hvað glaumur Glaðheima er það að veraldarvafstrið gleymist um
hríð og verður sem litill sætur leikur hvundagsins.

Menn verða að sækja vökvun í hina alumvefjandi Sólarsælu
sem alls staðar er, auðfundin og bíður mannanna,


en þótt hún sé alls staðar til staðar, og við séum í henni,
kemur hún ekki af sjálfu sér.

Menn þurfa að sækja vatnið í brunninn.

Kæmi hún af sjálfsdáðum án nokkurra löngunar mannanna,
væri hún löngu komin til allra.

Sólar sæla kemur ekki, aðeins er,

og mennirnir þrúfa að læra að finna hana.
Ekkert er auðveldara.



gruggugar frumur streitulos í TM tærar vígðar heilbrigðar frumur.

Þá fyrst lifa mennirnir sinn eigin fjársjóð, Sólarsælu.

Allir eiga rétt á henni.
Hún er okkar allra vöggugjöf.

Gjafir og fórnir eru hinar beztu ef hver maður gefur sjálfan sig,
gefur sjálfum sér sjálfan sig,
gefinn Óðni,
en það er að engin hugsun er og maður er vitund tær.

í Bhagavad gítu (IV35, V7, V29, V17) segir um
að sjá allar lífverur í eigin vitund,
þegar mannleg vitund finnur að hún er vitund alls sem lifir,
og sér vitund allra lífvera í alheimsvitundinni einni,

tat twam asi तत्त्वमसि þú ert hún, allir eru hún.

Vísindin vita að öll hin hverfula skapaða veröld er úr því sviði komin.
Menn verða einnig að skilja að allar lífverur eru það.
Við erum Sólarsæla.

aananda आनन्द

Ekki er þetta að rembast við að hugsa um þetta,

reyna að vera jákvæður í hugsun,
hafa sjálfstjórn að nafninu til,
elska allt og alla af yfirlögðu ráði,
hemja skilningarvitin með ákveðni,
stunda eitthvert kerfi sem ekki er neitt alvöruyóga (ekki leiðir til
4.vitundarstigsins),

heldur er hér átt við hinn tæra mann (31.) sem sér sig og allt sem eitt.


➔ Slíkt er hið eina eðlilega öllum mönnum.

Dæmi um eyðileggingu, sem stríðir gegn þundarflæði:
að drepa og eta dýr – „ég át fegurð fjallanna, ég skaut ekki en ég át“ --
(Jón úr Vör)

stríð, að drepa aðra menn, að ala upp hermenn,
sjálfselska, hugsa um sig og sína á kostnað annarra,



í stað þess að lifa einnig fyrir aðra og velgengni allra.



Alkóhól tóbak eitur
illar hugsanir, baknag,
rífur niður og stríðir gegn uppbyggingu og framþróun,
og sá sem veltir sér upp úr neikvæðni af þessu tagi tekur á sig Skuldu
þeirra sem hans illmægli er um,

-- en á vegum Þundar er allt með þróunarmarkmiðið,
allt streymir áreynzlulaust í átt til fullkomnunar.

Allur Gungnir sem við sendum frá okkur þarf að vera samfallandi og í
þundarflæði samræmds hljómfalls.
Stuðningur Þundar er þá vís.

TM tæknin leiðir hugann til ginnungagaps,
innfyrir alla hugsun.
Það sem uppiheldur alheimi er fært um að gefa manninum næringu.

Þegar hugurinn vinnur á sviði ginnungagaps,
finnur maðurinn sitt dharma,
lifir í Þundarflæði.

Gjörðir, hugsanir, orð slíks manns eru sjálfkrafa rétt. (30.)

Líf í sátt,
veistu hve rísta skal, þekkirðu ljóðin?
(sjá Hávamál rúnatal og ljóða-.)

Þróun fer aldrei aftur á bak,
en stöðunin er slæm.

Gróttasöngur varar mennina við,
en alltaf sækir þróun fram á við,
Þrymskviða stappar í okkur stálinu. (32.)

Heilög vötn hlóa.



ISBN 978-9935-409-27-0

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar)

raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvísindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lífa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-,

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -vísindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamar þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hverrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði.

Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð“ sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rötlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslensk menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharma). परधर्म (paradharma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað íð hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goðrún dimmblá
Guðrún Kristín Magnúsdóttir
